

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 1/2024

2024/EES/51/01

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1570 frá 23. maí 2023 um leiðréttingu á ungversku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma ⁽¹⁾.
- Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13h (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 1570:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1570 frá 23. maí 2023 (Stjtið. ESB L 192, 31.7.2023, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1570, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 192, 31.7.2023, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.